

# Skýrsla skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi árið 1991

## 1) Plöntun.

Unnið var þrjú kvöld við plöntun., 21., 27., og 30. maí. Að meðaltali mættu 38 félagsmenn hvert kvöld.

Plantað var. 800 stafafurum (1/1m), 1000 stafafurum (1/2m), 2000 sitkagreni (2/0 pf60), 1000 sitkagreni (2/3 m), 36 birki (2/0 fp67), 600 alaskaöspum (1/0 fp35) og 200 toppum og misplum. Einnig var stungið niður um 2000 víði- og aspargræðlingum.



Júní 1991. Sést í trjátoppa í svæðinu vestan við Grímskletta, Alaskavíðir í skjólbeltum mest áberandi.

## 2) Nýtt hlið.

Gamla hliðið fauk og skemmdist í rokinu 3. febrúar. Skúli Magnússon var fenginn til að laga gamla hliðið og breyta því dálítið. Nýja hliðið var sett upp 8. mars.

3) **Ofaniburður í vegi og plön.** Stafsmenn áhaldahúss báru bruna í vegi og bjuggu til ný bilastæði. Einnig voru sett ræsi í aðalveginn. Verkið var unnið í janúar.

4) **Jarðvinnsla.** Í október voru tættir niður plógstrengir NA við Grímskletta (undir aspatilraun).

## 5) Starf félagasamtaka og skólakrakka.

Félögin "Málfreyjur", "Inner Wheel" og "Rotary" plöntuðu í sín svæði og snyrtivörufyrirtækið "heimakynning" fékk úthlutað svæði vestan við Grímskletta, þar sem plantað var frjám að andvirði kr. 30000- sem fyrirtækið borgaði. Hópur nemenda úr gagnfræðaskóla Selfoss plantaði nokkur hundruð plöntum í reit austan við Grímskletta. Þetta var liður í landgræðsludögum sem skólinn gékkst fyrir. Sigurður Jónsson stýrði verkinu.



*Braggi Kristjáns 1988. Bragginn og draslið umhverfis hann var fjarlæggt í febrúar 1991. Jarðvegi jafnað yfir sárið.*

6) **Hreinsun.**

Í febrúar voru síðustu leyfarnar af bragganum hans Kristjáns fjarlægðar og þar með er lokið hreinsun svæðisins. Starfsmenn í áhaldahúsi önnuðust verkið.

Selfoss haustið 1991

Örn Óskarsson